# Sjálfsmatsskýrsla

# Varmahlíðarskóla

## Vorið 2024

# Efnisyfirlit

1.**Upplýsingar um stjórnun** 4

**2. Upplýsingar um nemendafjölda og bekkjardeildir** 4

**3. Starfsmenn** 5

**4.Nám og kennsla** 6

**4.1 Útfærsla viðmiðunarstundaskrár** 7

**4.2 Frístund** **7**

**4.3 Helstu viðburðir skólaársins** 8

**5. Skólaráð** 9

6. **Nemendaráð** 9

**7.Sjálfsmat** **10**

**7.1 Sjálfsmat-niðurstöður** **13**

**7.2 Skólapúls** **14**

**7.3 Umbótaáætlun** **29**

**Árleg skimun starfsfólks** **33**

# 1 Stjórnun

Frá upphafi skólaárs og til áramóta var Kristvina Gísladóttir skólastjóri og Nína Ýr Nielsen aðstoðarskólastjóri. Frá áramótum sneri Trostan Agnarsson aftur úr fæðingarorlofi og tók Kristvina þá við fyrra starfi sínu sem aðstoðarskólastjóri.

# 2. Upplýsingar um nemendafjölda og bekkjardeildir

Við lok skólaársins voru nemendur 106. Hafði þeim þá fjölgað um einn frá hausti, en sá nemandi bættist í 10.bekk eftir áramót. Skiptingu nemenda í bekkjardeildir má sjá í töflunni hér að neðan. Samkennsla var í 1.-2.bekk að mestu, 3.-4. bekk var einnig samkennt að nokkru leyti og 6.-7.bekk var einnig samkennt að mestu. Eldri bekkjum var að mestu kennt eftir bekkjardeildum, ef frá eru taldar valgreinar, en þar blandast árgangar á ýmsa vegu.

**Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara**

| **Bekkur** | **Drengir** | **Stúlkur** | **Alls** | **Umsjónarkennari** |
|---|---|---|---|---|
| **1.** | 6 | 2 | 8 | Birgitta Sveinsdóttir |
| **2.** | 3 | 2 | 5 | Birgitta Sveinsdóttir |
| **3.** | 8 | 5 | 13 | Þyrey Hlífarsdóttir<br>Sif Káradóttir frá því í nóvember |
| **4.** | 6 | 4 | 10 | Sara Gísladóttir |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **5.** | 3 | 8 | 11 | Sigrún Benediktsdóttir |
| **6.** | 2 | 12 | 14 | Helga Sigurðardóttir |
| **7.** | 3 | 7 | 10 | Helga Sigurðardóttir |
| **8.** | 8 | 5 | 13 | Sigfríður Jódís Halldórsdóttir |
| **9.** | 4 | 5 | 9 | Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir |
| **10.** | 7 | 6 | 13 | Helga Rós Sigfúsdóttir |
| **Samtals** | **50** | **56** | **106** | |

## 3. Starfsmenn

Við skólann voru starfandi 29 starfsmenn á skólaárinu, auk þeirra var einn starfsmaður í námsleyfi og 2 í fæðingarorlofi allt starfsárið en einn í fæðingarorlofi í 5 mánuði. Stjórnendur voru tveir, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sem einnig hefur umsjón með stoðþjónustu. Kennarar með réttindi eru 13 að meðtöldum stjórnendum. Stöðugildi til kennslu eru 11,5. Stuðningsfulltrúar voru fimm í 3,64 stöðugildum. Skólaliðar fjórir í 3,17 stöðugildum, af því er 0,5 stöðugildi vegna Frístundar. Iðjuþjálfi var í 85% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 50% starfi, bókavörður í 40% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar eru fjórir í 3,13 stöðugildum. Félagsmál og umsjón vinaliða 0,2 stöðugildi

## 4. Nám og kennsla

Náms- og kennsluáætlanir allra námsgreina eru aðgengilegar foreldrum/forsjáraðilum og nemendum í Mentor. Áætlanir eru eftir atvikum settar fram í námslotum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Námsmat í öllum námsgreinum er þannig tengt markmiðum í hverri námsgrein og er matið símat sem fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmat er birt í Mentor.

Unnið hefur verið að því að efla og innleiða kennsluhætti teymiskennslu í samstarfi við HA. Teymiskennsla felur það í sér að tveir eða fleiri kennarar eru samábyrgir fyrir kennslu hóps og námsgreina. Með samráði og samvinnu leggja þeir saman krafta sína, áhuga og bjargir en útfærsla kennslu, skipting hópa og viðfangsefna getur verið mismunandi allt eftir því sem kennararnir telja best hverju sinni. Vitaskuld setur húsnæðið þessu verkefni ákveðnar skorður, enda ekki hægt að skipta í hópa á eins marga vegu og æskilegt væri. Verkefnið var til þriggja ára sem nú eru liðin.

Fjölbreyttar valgreinar eru í boði fyrir nemendur 8.-10. bekkjar. Nemendur eru sjö kennslustundir á viku í valgreinum. Velja þarf að minnsta kosti eina verkgrein og eina listgrein en annað val er óbundið.
Hér má sjá hvaða greinar voru í boði á þessum vetri:

Haustönn:

Bakstur
Hár-húð og förðun
Hönnun og smíði
Leikir og spil
Leikskóli/Skóli
Málmsmíði
Óvænt
Skák miðvikud.
Skólahreysti
Slökun
Textíl
UTN

Vorönn: Bakstur
- Bílamálun

- Framhaldsskólanám
- Fjármálalæsi
- Hár-húð-förðun
- Matur og menning
- Málmsmíði
- Málmsmíði
- Málmsmíði
- Skólahreysti
- Stuttmynd
- UTN

## 4.1 Útfærsla viðmiðunarstundaskrár

Miðað er við 40 mínútna kennslustundir að jafnaði. Morgunmatarhlé er 20 mínútur, hádegishlé 30 mínútur. Frímínútur f.h. eru 15 mínútur og þá daga sem viðveran er lengri en til kl. 14:00 eru 10 mínútna frímínútur e.h.

Vikulegur stundafjöldi nemenda eftir bekkjum er sem hér segir:
1.-4. bekkur: 31 kennslustundir + 6 stundir samtals í útivist, íþrótta- og tómstundastarfi.
5.-7. bekkur: 36 kennslustundir + 1 stund í útivist.
8.-10. bekkur: 37 kennslustundir

## 4.2 Frístund

Frístund Varmahlíðarskóla hóf starfsemi haustið 2019. Frístund er skóladagvist fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Daglegur opnunartími var frá skólalokum til kl. 16:30. Viðverutími í frístund getur verið allt frá einni til tíu klukkustundum á viku. Í Frístund er lögð áhersla á hlýlegt og öruggt umhverfi, frjálsan og skapandi leik og jákvæð og góð samskipti. Skólaliðar voru jafnframt starfsmenn Frístundar en forstöðumaður Frístundar Linda Gunnarsdóttir.
Fjöldi barna í frístund var nokkuð jafn yfir veturinn. Þó fækkaði nokkuð eftir því sem leið á veturinn og undir vor nýttu 16 nemendur þjónustuna.

## 4.3
## Helstu viðburðir skólaársins

**Hreyfidagar** í upphafi skólaárs. Einnig geðorðadagur í lok skólaárs.Þá er hefðbundin dagskrá brotin upp og nemendur kynnast margskonar hreyfingu. Kveikjan er heilsueflandi grunnskóli, skipulag og umsjón hreyfidaga er í höndum heilsueflandi teymis.

**Dagur íslenskrar tungu** er 16.nóvember. Samkoma skólans í setustofu. Upplestarhátíð hefst formlega. Flutt voru stutt leik- og söngatriði yngri nemenda auk þess sem sunginn var hópsöngur.

**Stóra upplestrarkeppni 7. bekkjar** hófst formlega á Degi íslenskrar tungu. Nemendur lesa upp í leikskólanum Birkilundi auk þess að flytja dagskrá á Löngumýri í samvinnu við Skagfirska kammerkórinn.

**Árshátíð yngri nemenda** var haldin 22.mars í Miðgarði. Þar sýndu nemendur í 1.-7.bekk þrjú leikverk. Boðið var upp á léttar kaffiveitingar á milli atriða.

**Litlu jólin** eru síðasta kennsludag fyrir jólafrí. Nemendur mæta seinna í skólann, um kl. 10:00. Eftir dagskrá í setustofu og í bekkjarstofum borðuðu allir saman hangikjöt, laufabrauð og tilheyrandi meðlæti. Síðan hófst hið langþráða jólafrí..

**Árshátíð eldri nemenda** var haldin 12.janúar í Miðgarði. Þar settu nemendur unglingastigs á svið söngleikinn Grease. Eftir sýningu var kaffihlaðborð í Varmahlíðarskóla og unglingadansleikur í Miðgarði.

**Þorrablót** er haldið í hádeginu einhvern góðan veðurdag á þorra. Þá er boðið upp á þjóðlegar kræsingar af öllu mögulegu tagi og lagið tekið. Setið var lengi til borðs og kræsinganna notið eftir svolítinn fjöldasöng.

**Íþróttamaraþon** er liður í fjáröflunarferli 10. bekkjar. Þá stunda elstu nemendur íþróttir í sólarhring. Fyrirhugað er að halda maraþonið í nóvember.. Við upphaf maraþons er samkoma hjá öllum nemendum og starfsfólki skólans þar sem settir eru upp leikir og íþróttakeppnir milli nemenda og jafnvel starfsfólks.

**Sveitadagar** voru fjórir dagar í maí, þar sem nemendur unnu ýmis sveitaverkefni á sveitabæjum í nágrenni skólans. Verkefnið er unnið í góðri samvinnu við foreldra/forsjáraðila. Nemendur taka þátt í sveitastörfum ásamt því að sinna fjölbreyttri verkefnavinnu

**Skólaslit** voru 31. maí í Miðgarði og voru kaffiveitingar á eftir í skólanum.

Aðrir fastir liðir í skólastarfinu eru þátttaka í Skólahreysti, skíðaferðir, vorferðir, skólaferð útskriftarnemenda í 10. bekk og vorhátíð síðasta skóladag nemenda.

## 5. Skólaráð

Við skólann starfar skólaráð skv. reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og er ráðið skipað níu fulltrúum skólasamfélagsins. Hlutverk þess er að vera umsagnaraðili um starfsáætlanir skólans. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun skólans og kemur að mótun sérkenna hans. Skólaráð skal fá til umsagnar allar áætlanir skólans. Skólaráð fundar að jafnaði mánaðarlega.
Í skólaráði veturinn 2023-2024 sátu ásamt skólastjóra:

a) Tveir fulltrúar kennara, kosnir á kennarafundi til tveggja ára í senn: Þyrey Hlífarsdóttir og Birgitta Sveinsdóttir og Til vara: Íris Olga Lúðvíksdóttir
b) Einn fulltrúi annars starfsfólks, kosinn á starfsmannafundi: Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir solrun@vhls.is Til vara: Helga Þorbjörg Hjálmarsdóttir
c) Tveir fulltrúar foreldra, kosnir á aðalfundi skv. starfsreglum foreldrafélags, Sigrún Eva Helgadóttir og Guðríður Magnúsdóttir
d) Tveir fulltrúar nemenda, Bríet Bergrún Stefánsdóttir og Vignir Þorbjörnsson

Skólaráð velur sjálft einn fulltrúa grenndarsamfélags: Gunnar Sigurðsson

Ráðið fundaði 5 sinnum frá því í febrúar og fram í maí. Fundargerðir má finna á heimasíðu skólans.

## 6. Nemendaráð

Við skólann starfaði nemendafélag og fer nemendaráð með stjórnun þess.

Eftirtaldir nemendur skipuðu nemendaráð 2023-2024:
10. bekkur, formaður nemendaráðs: Bríet Stefánsdóttir og Vignir Þorbjörnsson
Til vara er Hallgerður Harpa Vetrarrós og Svandís Katla

9. bekkur: Halldór Stefánsson til vara Ævar Sigurðarson
8. bekkur: Matthías Guðmundsson til vara Ísleifur Eldur
7. bekkur: Bergrún Lauga Þórarinsdóttir til vara Edda Björg Einarsdóttir
6. bekkur: Lilja Stefánsdóttir til vara Kolbrún Embla Róbersdóttir

Hlutverk nemendaráðs er að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nemendaráð kemur að skipulagningu félagsmála nemenda, ásamt því að vera fulltrúar og tengiliðir bekkja sinna og koma hugmyndum og áhyggjuefnum nemenda á framfæri.
Með nemendaráði starfaði Steinar Óli Sigfússon á árinu og skipulagði með því viðburði og samkomur skólans sem haldnar voru u.þ.b. þriðju hverja viku skólaársins.

## 7. Sjálfsmat

Í Varmahlíðarskóla er skólastarfið metið samkvæmt skoska sjálfsmatskerfinu *How Good is Our School* sem ber heitið *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* í íslenskri þýðingu. Áætlun um sjálfsmat er gerð til þriggja ára í senn. Sú áætlun getur tekið breytingum á tímabilinu þar sem aðstæður geta kallað á breyttar áherslur. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í matinu. Nemendur og foreldrar hafa einnig verið virkjaðir til þátttöku í mati á skólastarfi með aðferðum Gæðagreina og taka með þeim hætti virkan þátt í mótun skólastarfs eins og skólastefna sveitarfélagsins kveður á um. Á hverju skólaári eru einnig lagðar fyrir kannanir Skólapúlsins sem styðja við sjálfsmat skólans. Kannanir skólapúlsins eru lagðar fyrir foreldra, nemendur, kennara og starfsmenn eftir ákveðnu fyrirkomulagi. Niðurstöður Skólapúlsins gefa góðar vísbendingar um skólastarfið.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr skoska sjálfsmatsefninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Gæðagreinar sem búnir hafa verið til sérstaklega eru merktir með gulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

**Sjálfsmatsáætlun Varmahlíðarskóla 2023-2026**

| Skólaár | 2025-2026 | Þátttakendur | 2023-2024 | Þátttakendur | 2024-2025 | Þátttakendur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Haustönn | | | | | | |
| september | 2.4 Einstaklingsmiðun | Kennarar | gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni | Allir starfsmenn | 3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar/ Jafnréttisgæðagreinir | Allir starfsmenn |
| október | 2.3 Nám, kennsla og námsmat | Kennarar | 2.3 Nám kennsla og námsmat | Kennarar | 2.3 Nám, kennsla og námsmat | Kennarar |
| október | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Nemendur 6. -10. bekkja | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Nemendur 6. -10. bekkja | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Nemendur 6. -10. bekkja |
| nóvember | 2.5 Samstarf heimila og skóla (breytt heiti) | Allir starfsmenn | 1.2 Forysta í skólastarfi | Allir starfsmenn | 3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur | Allir starfsmenn |
| desember | 2.6 Samfella í skólastarfi | Allir starfsmenn | 2.1 Nemendavernd | Allir starfsmenn | 3.3 Sköpun og starfshæfni | Allir starfsmenn |
| nóvember | Olweusarkönnun nemendur í 5.-10. bekk | Nemendur 5.-10. bekkja | Olweusarkönnun nemendur í 5.-10. bekk | Nemendur 5.-10. bekkja | Olweusarkönnun nemendur í 5.-10. bekk | Nemendur 5.-10. bekkja |

| Skólaár | 2025-2026 | Þátttakendur | 2023-2024 | Þátttakendur | 2024-2025 | Þátttakendur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | |
| **Vorönn** | | | | | | |
| janúar | 2.2 Skólanámskrá | Kennarar | 1.3 Breytingastjórnun | Allir starfsmenn | 2.7 Samstarf | Allir starfsmenn |
| febrúar | 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat | Allir starfsmenn | 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun | Allir starfsmenn | Olweusargæðagreinir | Allir starfsmenn |
| febrúar | | | Skólapúlsinn foreldrar | Úrtak foreldra | | |
| mars | Skólapúlsinn starfsmenn | Allir starfsmenn | | | Skólapúlsinn starfsmenn | Allir starfsmenn |
| aprí | Upplýsinga- og tæknimál - gæðagreinir | Allir starfsmenn | | | Mötuneytisgæðagreinar | Allir starfsmenn |
| maí | Árleg skimun starfsfólks | Allir starfsmenn | Árleg skimun starfsfólks | Allir starfsmenn | Árleg skimun starfsfólks | Allir starfsmenn |

| Skólaár | 2025-2026 | Þátttakendur | 2023-2024 | Þátttakendur | 2024-2025 | Þátttakendur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| júní | Sjálfsmatsskýrsla | Sjálfsmatshópur | Sjálfsmatsskýrsla | Sjálfsmatshópur | Sjálfsmatsskýrsla | Sjálfsmatshópur |

## 7.1 Sjálfsmat-niðurstöður

Þeir þættir sem kannaðir voru þeir sem sjá má hér að neðan. Gefin var einkunn fyrir hvern þátt á skalanum 1-6 og er einkunnin sett fyrir aftan. Starfsmenn unnu að verkefninu í hópum. Ræddu spurningar um efnið og gáfu eina einkunn fyrir hverja spurningu og bætt svo inn athugasemdum eða ábendingum eftir því sem við átti.

2.3 Nám, kennsla og námsmat-4
1.2 Forysta í skólastarfi-4
2.1 Nemendavernd-4
1.3 Breytingastjórnun-4
1.4 Forysta og starfsmannastjórnun-4
1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni-4

Útfærsla á þessu mati kemur fram í umbótaáætlun sem birtist hér á eftir.
Einkunnin 4 þýðir samkvæmt kerfinu að styrkleikar séu mun meiri en veikleikar en þó tækifæri til umbóta.

## 7.2 Skólapúls

Tvær kannanir voru lagðar fyrir í gegnum Skólapúlsinn. Annars vegar fyrir nemendur í 6-10.bekk og hins vegar fyrir foreldra.

Hér má sjá samantekt úr foreldrakönnun sem lögð var fyrir í febrúar.

# 1. Nám og kennsla

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum | 5,0 | 58 | -0,3 | 5,0 | 3.536 | 0,0 |
| 1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans | 92,7% | 51/55 | -0,9% | 87,6% | 2832/3221 | 5,1% |
| 1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra | 83,9% | 47/56 | -10,0% | 85,7% | 2914/3414 | -1,8% |
| 1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra | 77,8% | 42/54 | -5,9% | 68,1% | 2232/3270 | 9,7% |

# 2. Velferð nemenda

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur | 4,7 | 55 | 0,2 | 4,7 | 3.231 | 0,0 |
| 2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda | 90,9% | 50/55 | -6,9% | 86,8% | 2908/3341 | 4,1% |
| 2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt | 98,3% | 57/58 | 2,2% | 90,2% | 3163/3517 | **8,1%** |
| 2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt | 94,8% | 55/58 | 0,7% | 89,9% | 3126/3491 | 4,9% |
| 2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt | 96,6% | 56/58 | -1,4% | 89,6% | 3112/3471 | 7,0% |
| 2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra | 8,8% | 5/57 | 6,8% | 9,7% | 354/3473 | -0,9% |

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans | 88,9% | 8/9 | - | 89,1% | 567/651 | -0,2% |
| 2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum | 37,5% | 3/8 | -29,2% | 61,3% | 337/565 | -23,8% |
| 2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum | 42,9% | 3/7 | -28,5% | 59,2% | 332/566 | -16,3% |
| 2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans | 73,8% | 31/42 | -6,2% | 75,6% | 1559/2021 | -1,8% |
| 2.11. Meðaltímabil eineltis | 1,1 | 8 | -1,8 | 1,5 | 648 | -0,4 |
| 2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað | - | 9 | - | - | - | - |
| 2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna | 28,1% | 16/57 | - | 39,9% | 1399/3433 | **-11,8%** |

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| snjallsíma í grunnskólum | | | | | | |

## 3. Aðstaða og þjónusta

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum | 5,4 | 57 | -0,1 | 5,3 | 3.413 | 0,1 |
| 3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu | 4,8 | 43 | -0,7 | 4,8 | 1.997 | 0,0 |
| 3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili | 79,3% | 46/58 | 6,8% | 60,4% | 2128/3359 | **18,9%** |
| 3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu | - | 12 | - | - | - | - |
| 3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift | 81,8% | 45/55 | -6,2% | 76,1% | 2426/3134 | 5,7% |
| 3.6. Notkun á mataráskrift | 100,0% | 56 | 0,0% | 92,1% | 3233/3487 | **7,9%** |
| 3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mataráskrift | - | - | - | - | - | - |

# 4. Foreldrasamstarf

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi | 4,7 | 53 | 0,2 | 4,9 | 3.317 | -0,2 |
| 4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur | 69,0% | 29/42 | 22,5% | 59,6% | 1691/2793 | 9,4% |
| 4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina | 78,9% | 30/38 | 16,7% | 65,9% | 1667/2460 | 13,0% |
| 4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal | 89,3% | 50/56 | -8,6% | 92,7% | 3113/3337 | -3,4% |
| 4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali | - | 56 | - | - | - | - |
| 4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum | 48,9% | 23/47 | -2,3% | 50,6% | 1467/2934 | -1,7% |
| 4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með | 88,6% | 31/35 | 2,1% | 85,9% | 2196/2561 | 2,7% |

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| nemandanum að mati foreldra | | | | | | |
| 4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans | 75,0% | 39/52 | -8,0% | 79,2% | 2564/3217 | -4,2% |
| 4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá | 73,2% | 41/56 | -8,0% | 71,8% | 2539/3457 | 1,4% |

# 5. Heimastuðningur

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna | 4,3 | 56 | -0,1 | 4,8 | 3.426 | **-0,5** |
| 5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu | 4,3 | 56 | 0,5 | 4,5 | 3.417 | -0,2 |
| 5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra | 69,2% | 36/52 | -19,9% | 76,4% | 2350/3069 | -7,2% |
| 5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám | 50,0% | 25/50 | -5,6% | 53,2% | 1776/3274 | -3,2% |

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **5.5. Væntingar foreldra um háskólanám** | 62,5% | 25/40 | 2,5% | 71,8% | 1812/2592 | -9,3% |
| **5.6. Væntingar foreldra um iðnnám** | 27,5% | 11/40 | 7,5% | 17,1% | 464/2592 | 10,4% |

**Niðurstöður foreldrakönnunar**

Fjöldi þátttakenda: 68 Fjöldi svarenda: 58 Svarhlutfall: 85,3%

**1.kafli**

Nám og kennsla

1) (svarhlutafall 96%)

Tæp 84 % telja heimanámið hæfilega þungt.

Um 9% telja verkefnin of létt en um 7 % telja þau of þung.

2) (svarhlutfall 93%)

Agi í skólanum

Um 78% telja aga hæfilegan en um 22% telja hann ekki nógan.

**2.kafli**

Velferð nemenda

## Þeir þættir sem taldir eru þurfa að bæta eru:

a) (95% svarhlutafall)

Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda

Tæp 33 % eru mjög ánægð með hvernig þörfum nemenda er mætt

Rúm 52 % eru frekar ánægð með hvernig þörfum nemenda er mætt

5,5 % eru frekar óánægð með hvernig þörfum nemenda er mætt

3,6 % eru mjög óánægð með hvernig þörfum nemenda er mætt

b) (svarhlutfall

Umfang eineltis er að mati foreldra nokkuð.

8,8% segja barn sitt hafa orðið fyrir einelti á árinu.

7% segja barnið hafa fyrir einelti fyrir fyrir u.þ.b. ári

Foreldrar sem hlut áttu að máli telja að ekki hafi verið unnið nægjanlega hratt og vel úr málum sem tilkynnt voru skólanum.

Þá telja um 20 % svarenda að eineltisáætlun skólans sé ekki fylgt nægjanlega vel.

## Það sem telst jákvætt eða hefur breyst til batnaðar

a)

(Svarhlutfalll 100%)

Líðan nemenda er að mati foreldra góð og hefur hlutfall þeirra sem það telja hækkað um 2,2% frá síðustu mælingu og mælist nú 98,3 %

**3.kafli**

(Svarhlutfall 98%)

Það sem helst vekur athygli í þessum kafla er að ánægja með mötuneyti minnkar.

Um 18% eru frekar óánægð eða mjög óánægð.

Ánægjan með mötuneyti frá árinu 2016 hefur verið á bilinu 88,9-93,9 en mælist nú 81,8%

**4.kafli**

Foreldrasamstarf

## Atriði sem þarfnast skoðunar.

a)

(Svarhlutfall 96%)

Síðasta foreldraviðtal var ekki talið jafn gott og í síðustu mælingu.

Um 89% töldu viðtalið gott samanborið við 98% síðast.

b)Ánægja með heimasíðu og nytsemi upplýsinga þar dalar. Er nú 75% en var síðast 83%

11,5% foreldra svara því reyndar til að þeir hafi ekki skoðað heimasíðuna

c)

(96% svarhlutfall)

Foreldrar telja sig ekki vel upplýsta um stefnu skólans, námskrá og aðalnámskrá

Mælist nú 71,2% en var síðast 81,2%

## Jákvæðir þættir

a)

(Svarhlutfall um 70%)

Foreldrar telja sig hafa aukin áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur.

Mælist nú 69%

Mældist síðast 46,5%

b)

(Svarhlutfall um 70%)

Einnig segja foreldrar oftar leitað til þeirra og ábendingar þeirra teknar til greina.

Mælist nú 78,9%

Mældist síðast 62,2%

**5.kafli**

Heimastuðningur

a) Svarhlutfall (96%)

Virkni foreldra í námi barna sinna minnkar ofurlítið og mælist mun minni en á landsvísu

Frá upphafi mælinga (2018) hefur skólinn verið fyrir neðan landsmeðaltal.

Atriði sem liggja til grundvallar:

Hjálp við heimanám

Umræða um frammistöðu í námi

Umræða um tengsl námsefnis við daglegt líf

Samtal við kennara

Útvegun námsgagna

b) (Svarhlutfall 96%)

Svolítil merki eru um að nemendur vilji að foreldrar taki meiri þátt í náminu. Mæti til dæmis á viðburði, fylgist með heimanámi eða ræði við kennara. Enn er þetta þó undir landsmeðaltali.

Athygli vekur við yfirferð tölfræði að 42,9% biðja foreldra sína aldrei að fylgjast með heimanámi.

Einnig að 67,9 biðja foreldri aldrei um að ræða við kennara. Kannski má segja að skýring á hinu síðara gæti verið að nemendur treysta sér sjálfir til þess að ræða mál við kennara.

c) (Svarhlutfall 90%)

Bent er á að heimavinnu megi endurskoða

Um 70% segja að hún sé hæfileg

Tæp 10% segja að hún sé of lítil

Um 20% segja að hún sé of mikil

d) (Svarhlutfall 86 %)

Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám

Heildartími sem varið er til aðstoðar við heimanám minnkar.

46% verja 15 mínútum eða skemmri tíma.

4% verja engum tíma

32% verja 16-30 mínútum

14% verja 31-60 mínútum

4 % verja meiri en einni klukkustund

**Niðurstöður úr könnun sem lögð var fyrir nemendur á haustönn:**
Fjöldi þátttakenda 58
Fjöldi svarenda 57
Svarhlutfall 98,3 %

Eins og sjá má var útkoman fremur góð og ekki ástæða til þess að fjölyrða um hana.
Táknið * sést fyrir aftan nokkrar tölur hér á eftir, í aftasta dálki.
Það þýðir að munur sé tölfræðilega marktækur.

## 1. Virkni nemenda í skólanum

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.1. Ánægja af lestri | 4,4 | 52 | -0,3 | 4,2 | 17.661 | 0,2 |

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.2. Þrautseigja í námi | 4,9 | 55 | 0,3 | 4,4 | 17.780 | **0,5*** |
| 1.3. Áhugi á stærðfræði | 4,6 | 56 | -0,3 | 4,5 | 18.033 | 0,1 |
| 1.4. Ánægja af náttúrufræði | 4,0 | 56 | -0,6 | 4,2 | 18.019 | -0,2 |
| 1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi | 4,4 | 55 | 0,0 | 4,3 | 17.746 | 0,1 |
| 1.6. Trú á eigin námsgetu | 5,0 | 55 | 0,3 | 4,8 | 17.967 | 0,2 |
| 1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma | 87,3% | 48/55 | - | 80,3% | 13920/17500 | 7,0% |
| 1.8. Símanotkun á skólatíma | 0,2 klst. | 48 | - | 0,6 klst. | 13.871 | -0,4 klst. |

## 2. Líðan og heilsa

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2.1. Sjálfsálit | 4,6 | 55 | -0,2 | 4,3 | 17.675 | 0,3 |
| 2.2. Stjórn á eigin lífi | 4,3 | 55 | -0,2 | 4,3 | 17.611 | 0,0 |

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2.3. Vellíðan | 4,6 | 55 | -0,1 | 4,4 | 17.840 | 0,2 |
| 2.4. Áhyggjur og stress - ástæður | - | 11 | - | - | - | - |
| 2.5. Einelti | 5,1 | 55 | 0,1 | 5,8 | 17.796 | **-0,7*** |
| 2.6. Tíðni eineltis | 9,1% | 5/55 | 1,7% | 15,2% | 2787/17751 | -6,1% |
| 2.7. Staðir eineltis | - | 5 | - | - | - | - |
| 2.8. Í mataráskrift | 90,7% | 49/54 | - | 76,9% | 13666/17613 | **13,8%*** |
| 2.9. Oftast góður eða frekar góður matur | 55,8% | 29/52 | - | 40,1% | 6029/14960 | **15,7%*** |
| 2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift | - | 1 | - | - | - | - |
| 2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum | - | 23 | - | - | - | - |

# 3. Skóla- og bekkjarandi

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 3.1. Samsömun við nemendahópinn | 5,4 | 55 | 0,4 | 4,8 | 17.518 | **0,6*** |
| 3.2. Samband nemenda við kennara | 5,4 | 55 | 0,5 | 4,7 | 17.702 | **0,7*** |
| 3.3. Agi í tímum | 6,0 | 55 | 0,0 | 4,7 | 17.681 | **1,3*** |
| 3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum | 5,6 | 55 | 1,0 | 4,8 | 17.592 | **0,8*** |
| 3.5. Tíðni leiðsagnarmats | 5,6 | 54 | 0,3 | 4,8 | 17.608 | **0,8*** |

## 7.3 Umbótaáætlun

| Umbótaþáttur | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Tími | Ábyrgð | Staða | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.3 Breytingastjórnun | | | | | | | |
| a) | Að yfirfara og uppfæra stefnu skóla | Samanburður við skólastefnu Skagafjarðar og athugun á því hvað má bæta með farsæld nemenda að leiðarljósi. | 30.06.2027 | Skólastjóri | Í vinnslu | Með könnun eftir því sem verkefninu vindur fram. | |
| 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun | | | | | | | |
| a) | Að gæta þess að styðja vel við nýtt starfsfólk | Að yfirfara og uppfæra móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk | 01.12.2024 | Skólastjóri | Í vinnslu | Með gæðagreini | Að áætlun teljist skýr og greinargóð og taki á öllu því sem máli skiptir. |
| b) | Að sjá til þess að allir fái að sjá starfslýsingu við ráðningu og eða hafi aðgang að henni. | Starfslýsingar yfirfarnar og settar á heimasíðu. | 01.09.2024 | Skólastjóri | Í vinnslu | | Að starfslýsingar birtist á heimasíðu. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2.1<br>Nemendavernd | | | | Skólastjóri | Í vinnslu | | Að allir þekki verkferla í nemendavernd. |
| a) | Verkferlar sem tryggja að allt starfsfólk sé meðvitað um ábyrgð sína varðandi nemendavernd. | Að fræða allt starfsfólk um nemendavernd | 01.06.2025 | | | | |
| 1.2<br>Forysta í skólastarfi | | | | | | | |
| a) | Að kennarar taki oftar þátt í faglegri samræðu til að móta sameiginlega túlkun á stöðlum (s.s. greiningarprófum), kennslufræði, námsmati og aðferðum til að auka árangur. | Að hafa fastan tíma, vikulega, til þess að ræða mál sem fólk hefur kynnt sér fyrir fundi. | 01.06.2025 | Skólastjóri | Í vinnslu | Metið með könnun að vori | Að samtölin og niðurstöður skili sér í daglegu starfi og leiði af sér aukið samstarf. |
| 1.5<br>Verklag sem stuðlar að sanngirni | | | | | | | |
| a) | Að skapa og viðhalda áhugahvetjandi námsumhverfi. | Að nýta mannauðinn á þann veg að nemendur fái fleiri tækifæri | 01.06.2025 | Skólastjóri | Í vinnslu | Metið með könnun að vori | Að nemendur verði kappsamir og setji sér eigin markmið, |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | til þess að hafa áhrif á eigið nám og verði um leið sjálfstæðari. | | | | | keppist við að vera í stöðugri sókn. |
| 2.3<br>Nám, kennsla og námsmat | | | | | | | |
| a) | Að uppfæra skjal skólans um námsmat. | Skjal yfirfarið og uppfært. Kynnt foreldrum og nemendum. | 01.09.2024 | Skólastjóri | Í vinnslu | | Að námsmat verði gegnsætt og skýrt. |
| b) | Að hæfnikortin verði meira notuð í daglegu starfi og að nemendur og kennarar rýni í þau til þess að sjá hvernig miðar að settu marki. | Að taka meiri tíma til þess að fara yfir námsmat með nemendum og að kenna þeim að sjá hvar úrbóta er þörf og í framhaldi hvernig má bæta sig. | 01.06.2025 | Skólastjóri | Í vinnslu | Með könnun meðal nemenda og kennara. | Þetta er hugsað sem áfangi að leiðsagnarmati. |

| **Árleg skimun starfsfólks í Varmahlíðarskóla, júní 2024** | 1. Ófullnægjandi | 2. Slakt | 3. Fullnægjandi | 4. Gott | 5. Mjög gott | 6. Framúrskarandi | Svörun | Meðaleinkunn | % með einkunn 4-6 2024 | % með einkunn 4-6 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Umbótamiðað sjálfsmat er óaðskiljankegur hluti af skólastarfinu? | 0 | 0 | 1 | 12 | 13 | 0 | 26 | 4.3 | 96% | 88% |
| Sjálfsmatið hefur áhrif á velgengni og árangur nemenda? | 0 | 0 | 3 | 13 | 9 | 1 | 26 | 4.3 | 88% | 83% |
| Hvernig metur þú ábyrgð starfsfólks í skólastarfinu? | 0 | 1 | 1 | 9 | 15 | 0 | 26 | 4.3 | 92% | 100% |
| Hversu ábyrgir eru nemendur gagnvart námi sínu? | 0 | 2 | 4 | 14 | 2 | 0 | 22 | 3.7 | 73% | 61% |
| Er skólaþróun að skila tilætluðum áhrifum á árangur nemenda? | 0 | 0 | 2 | 15 | 4 | 1 | 22 | 3.7 | 91% | 86% |
| Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. velferðar starfsfólks? | 0 | 1 | 3 | 10 | 11 | 1 | 26 | 4.3 | 85% | 85% |
| Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. faglegrar leiðsagnar? | 0 | 0 | 5 | 14 | 7 | 0 | 26 | 4.3 | 81% | 88% |
| Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. styðjandi starfsumhverfis? | 0 | 0 | 6 | 12 | 6 | 0 | 24 | 4.0 | 75% | 85% |
| Hvernig metur þú gagnsæi og sanngirni við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að ráða til að bæta gæði náms og kennslu? | 0 | 3 | 5 | 13 | 2 | 0 | 23 | 3.8 | 65% | 52% |
| Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavernd og öryggismál? | 0 | 0 | 2 | 10 | 12 | 0 | 24 | 4.0 | 92% | 92% |
| Hvernig ábyrgjumst við að stefna skólans skv. skólanámskrá sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólastarfs? | 0 | 0 | 3 | 12 | 8 | 0 | 23 | 3.8 | 87% | 90% |
| Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum? | 0 | 0 | 2 | 12 | 8 | 0 | 22 | 3.7 | 91% | 91% |
| Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum? | 0 | 0 | 4 | 16 | 4 | 0 | 24 | 4.0 | 83% | 82% |
| Hvernig nýtum við niðurstöður námsmats í þágu nemenda (samkvæmt aðalnámskrá)? | 0 | 0 | 1 | 18 | 4 | 0 | 23 | 3.8 | 96% | 86% |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda? | 0 | 0 | 2 | 17 | 2 | 0 | 21 | 3.5 | 90% | 81% |
| Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þau stuðningsúrræði sem skólinn býður nemendum? | 0 | 1 | 0 | 14 | 8 | 1 | 24 | 4.0 | 96% | 91% |
| Hvernig metur þú þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu? | 0 | 2 | 3 | 18 | 0 | 1 | 24 | 4.0 | 79% | 71% |
| Hvernig metur þú hversu árangursrík samfella er í námi nemenda alla skólagönguna? | 0 | 0 | 4 | 13 | 6 | 0 | 23 | 3.8 | 83% | 81% |
| Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldra/forsjáraðila? | 0 | 0 | 4 | 13 | 8 | 0 | 25 | 4.2 | 84% | 88% |
| Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans? | 0 | 0 | 4 | 12 | 9 | 0 | 25 | 4.2 | 84% | 92% |
| Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfsskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)? | 1 | 0 | 3 | 14 | 3 | 0 | 21 | 3.5 | 81% | 70% |
| Hvernig finnst þér skólinn ná að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla? | 0 | 0 | 5 | 15 | 4 | 0 | 24 | 4.0 | 79% | 82% |
| Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri? | 0 | 0 | 2 | 14 | 6 | 0 | 22 | 3.7 | 91% | 86% |
| Hafa nemendur tækifæri til að beita sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum? | 0 | 0 | 2 | 11 | 12 | 0 | 25 | 4.2 | 92% | 84% |
| Hvernig leggjum við áherslu á eflingu lestrar með skýrum markmiðum um kennslu, leiðir og árangur skv. | 0 | 1 | 2 | 14 | 7 | 0 | 24 | 4.0 | 88% | 87% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og sanngirni er haft að leiðarljósi í skólastarfinu? | 0 | 0 | 3 | 12 | 10 | 0 | 25 | 4.2 | 88% | 88% |
| Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvörnum gegn einelti og úrvinnslu mála skv. aðgerðaáætlun skólans gegn einelti (Olweus)? | 0 | 0 | 5 | 15 | 5 | 0 | 25 | 4.2 | 80% | 84% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólasetningar? | 0 | 0 | 2 | 10 | 11 | 1 | 24 | 4.0 | 92% | 96% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd heilsueflandi hreyfidaga? | 0 | 0 | 2 | 5 | 16 | 3 | 26 | 4.3 | 92% | 92% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíðar yngsta stigs? | 0 | 0 | 1 | 8 | 15 | 2 | 26 | 4.3 | 96% | 92% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíðar miðstigs? | 0 | 0 | 2 | 11 | 12 | 1 | 26 | 4.3 | 92% | 92% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíðar unglingastigs? | 0 | 0 | 1 | 9 | 13 | 2 | 25 | 4.2 | 96% | 88% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd vinadaga? | 2 | 0 | 0 | 9 | 3 | 1 | 15 | 2.5 | 87% | 82% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd vorhátíð og grill? | 0 | 0 | 1 | 8 | 14 | 2 | 25 | 4.2 | 96% | 88% |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaslita? | 0 | 0 | 6 | 6 | 9 | 1 | 22 | 3.7 | 73% | 84% |
| Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi? | 0 | 0 | 0 | 11 | 15 | 0 | 26 | 4.3 | 100% | 100% |
| Hvernig metur þú samstarf kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings,sameiginlegrar sýnar, miðlunar nýrrar þekkingar, stigstjórnar o.s.frv.)? | 0 | 0 | 3 | 10 | 12 | 0 | 25 | 4.2 | 88% | 91% |
| Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mötuneytis í Varmahlíðarskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða? | 0 | 0 | 0 | 6 | 15 | 5 | 26 | 4.3 | 100% | 92% |
| Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti skólans? | 0 | 0 | 1 | 6 | 15 | 4 | 26 | 4.3 | 96% | 100% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)? | 0 | 1 | 1 | 13 | 10 | 1 | 26 | 4.3 | 92% | 92% |
| Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins? | 0 | 2 | 6 | 13 | 3 | 0 | 24 | 4.0 | 67% | 88% |
| Hvaða mat leggur þú á skipulag, skilvirkni og gagnsemi faghópa á skólaárinu? | 0 | 0 | 3 | 13 | 8 | 0 | 24 | 4.0 | 88% | 100% |
| Hvernig líður þér á vinnustað? | 0 | 1 | 1 | 10 | 10 | 4 | 26 | 4.3 | 92% | 96% |
| | | | | | | | | | | |